

Drög að reglum

um sérstaka bindiskyldu vegna innstreymis erlends gjaldeyris.

1. gr.

Skilgreining hugtaka.

Í reglum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

Bindimiðlari: Fjármálafyrirtæki sem er aðili að storgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands.

Bindifjárhæð: Margfeldi bindigrunn og bindihlutfalls.

Binditími: Tímalengd sammings um endurhverf viðskipti.

Endurhverf viðskipti: Kaup bindimiðlara á innstæðubréfi af Seðlabanka Íslands fyrir bindifjárhæð vegna bindiskylds aðila með sölurétti til Seðlabankans að binditíma liðnum á verði sem ákvarðast af vöxtum á innstæðubréfinu.

Innstæðubréf: Skuldabréf sem útgefin eru af Seðlabanka Íslands, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um gjaldeyrismál.

Innstreymi erlends gjaldeyris: Fjármagnshreyfingar erlends gjaldeyris til Íslands.

Hávaxtainnstæður: Innstæðum í íslenskum krónum hjá innlánsstofnunum hér á landi sem bera [x]% ársvexti eða hærra.

Rafræn skuldabréf: Skuldabréf útgefin í íslenskum krónum, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Hávaxtasjóðir: Sjóðir sem fjárfesta í rafrænum skuldabréfum, eða eiga hávaxtainnstæður ef samanlagt hlutfall rafrænna skuldabréfa og hávaxtainnstæða í eignasamsetningu sjóða er 10% eða hærri.

2. gr.

Sérstök bindiskylda.

Skyld er að binda reiðufé vegna innstreymis erlends gjaldeyris samkvæmt reglum þessum. Til bindiskyldu stofnast þegar bindigrunnur myndast, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

3. gr.

Bindigrunnur.

Innstreymi erlends gjaldeyris til Íslands myndar bindigrunn þegar það er vegna fjárfestingar og endurfjárfestingar hennar í:

1. Rafrænum skuldabréfum.

2. Hlutdeildarskírteinum hávaxtasjóða.

3. Hávaxtainnstæðum.

4. Eigin fé fyrirtækis sem er gerð í þeim tilgangi að fjárfesta, beint eða óbeint, í rafrænum skuldabréfum, hlutdeildarskírteinum hávaxtasjóða eða hávaxtainnstæðum.

5. Lánveitingum til innlends aðila sem nýttar eru til fjárfestinga í þágu lánveitanda í rafrænum skuldabréfum, hlutdeildarskírteinum hávaxtasjóða eða hávaxtainnstæðum. Hið sama á við um slíkar lánveitingar sem nýttar eru til fjárfestinga í eigin fé fyrirtækis sem fjárfest eða ráðstafað er, beint eða óbeint, með þeim hætti sem lýst er í 1. málsl.

4. gr.

Bindiskyldir aðilar.

Eftirfarandi aðilar eru bindiskyldir á grundvelli reglna þessara:

1. Skráður eigandi rafræns skuldabréfs skv. 1., 4. og 5. tölul. 3. gr.

2. Skráður eigandi hávaxtainnstæðu skv. 3.–5. tölul. 3. gr.

3. Skráður eigandi hlutdeildarskírteinis hávaxtasjóða skv. 2., 4. og 5. tölul. 3. gr.

Einstaklingi, sem er skráður eigandi skv. 1.–3. tölul. 1. mgr., skal heimilt að ráðstafa innstreymi erlends gjaldeyris skv. 3. gr. að samhlöðum jafnvirði allt að 100.000.000 kr. án þess að slík ráðstöfun verði háð bindiskyldu samkvæmt reglum þessum. Heimild þessi er háð því skilyrði að einstaklingur sé raunverulegur eigandi þeirra fjármuna sem um ræðir.

Ef samanlagt jafnvirði ráðstöfunar einstaklings skv. 3. gr. fer yfir fjárhæðarmark skv. 2. mgr. eins og það stendur á hverjum tíma er einungis sá hluti innstreymis erlends gjaldeyris sem fer umfram fjárhæðarmarkið háður bindiskyldu samkvæmt reglum þessum.

5. gr.

Bindihlutfall.

Bindihlutfall 0% á við um eftirfarandi liði í bindigrunni:

1. Rafræn skuldabréf skv. 1., 4. og 5. tölul. 3. gr.
2. Hávaxtainnstæður skv. 3.–5. tölul. 3. gr.
3. Hlutdeildarskírteini hávaxtasjóða skv. 2., 4. og 5. tölul. 3. gr.

6. gr.

Framkvæmd sérstakrar bindiskyldu.

Sérstaka bindiskyldu skal uppfylla innan tveggja vikna frá því til hennar stofnast, með endurhverfum viðskiptum bindimiðlara fyrir bindifjárhæð.

Bindifjárhæð helst óbreytt út upphaflegan binditíma.

Uppgjörsmýnt bindifjárhæðar skal vera íslenskar krónur.

Óheimilt er að breyta samningi um endurhverf viðskipti á binditíma. Þrátt fyrir það er heimilt að framselja samning um endurhverf viðskipti milli bindimiðlara, enda sé slíkt framsal tilkynnt til Seðlabankans á sama tíma.

7. gr.

Binditími.

Binditími skal vera 12 mánuðir og hefst þann viðskiptadag sem bindiskylda er uppfyllt.

Að binditíma liðnum er bindifjárhæð ekki lengur háð bindiskyldu samkvæmt reglum þessum.

9. gr.

Skilmálar og kjör innstæðubréfa og endurhverfra viðskipta með innstæðubréf.

Innstæðubréf bera 0% vexti.

Innstæðubréf eru án gjalddaga en innkallanleg af Seðlabanka Íslands í samræmi við ákvæði viðkomandi bréfs. Nýti Seðlabankinn sér innköllunarrétt fellur niður söluréttur bindimiðlara samkvæmt samningi um endurhverf viðskipti um viðkomandi innstæðubréf.

Innstæðubréf verða ekki afhent bindimiðlara nema til að efna samning um endurhverf viðskipti milli bindimiðlara og Seðlabanka Íslands. Söluréttur bindimiðlara samkvæmt samningi um endurhverf viðskipti felur í sér rétt en ekki skyldu til að nýta söluréttinn. Seðlabanka Íslands ber að virða sölurétt bindimiðlara enda séu önnur skilyrði reglna þessara uppfyllt.

Seðlabanki Íslands ákveður að öðru leyti skilmála og kjör innstæðubréfa og samninga um endurhverf viðskipti. Seðlabankinn tilkynnir tilhögun og skilmála viðskipta á vefsíðu sinni.

10. gr.

Tilkynningaskylda.

Bindimiðlari skal tilkynna Seðlabanka Íslands um ráðstafanir vegna innstreymis erlends gjaldeyris sem fellur undir 1.–5. tölul. 3. gr. innan tveggja vikna frá því erlenda gjaldeyrinum er skipt í innlendan gjaldeyri eða endurfjárfest hefur verið.

11. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessara reglna varða stjórnvaldssektum og refsingum samkvæmt 15. gr. og 19. gr. laga um gjaldeyrismál.

12. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem eru settar samkvæmt heimild í 4. gr. laga um gjaldeyrismál, [hafa verið samþykktar af fjármála- og efnahagsráðherra]¹ og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 223/2019, um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris.

¹ Reglurnar eru birtar til upplýsinga sem drög. Þær hafa ekki verið sendar ráðherra til samþykktar.